

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Vatnsendi – Norðursvæði. Fossahvarf 7-11. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 14. maí 2024 breytingu á deiliskipulaginu Vatnsendi – Norðursvæði fyrir lóðirnar nr. 7-11 við Fossahvarf. Í breytingunni felst að heimilt verður að byggja viðbyggingu í stað sólskála á annarri hæð.

Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Vatnsendi – Þing. Dalapíng 20 og 20A. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 14. maí 2024 breytingu á deiliskipulaginu Vatnsendi – Þing fyrir lóðina nr. 20 og 20A við Dalapíng. Í breytingunni felst að lóðirnar nr. 20 og 22 við Dalapíng eru sameinaðar í eina lóð með tveimur staðföngum, Dalapíng 20 og 20A. Í stað parhúss á tveimur lóðum verður heimilt að byggja hús með tveimur íbúðum á lóðinni innan sama byggingarreits utan stiga á austurhlið í þriggja metra fjarlægð frá lóðarmörkum Dalapíngs 18.

Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Lindahverfi norðan Fífuhvammsvegur. Jörfalind 19. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 23. apríl 2024 breytingu á deiliskipulagi Lindahverfis norðan Fífuhvammsvegur fyrir lóðina nr. 19 við Jörfalind. Í breytingunni felst að heimilt verður að byggja einnar hæðar staðsteypta viðbyggingu við suðurgafli hússins með þaksvölum til suðurs. Heildarstærð viðbyggingar er 18 m², nýtingarhlutfall á lóðinni hækkar úr 0,43 í 0,47.

Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 27. maí 2024.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 10. júní 2024